

Reykjavík og Stykkishólmur 23.10.2023

Berist til atvinnuveganefndar

**Efni: Umsögn Fuglaverndar um "Bann við hvalveiðum, 99. mál, lagafrumvarp ,154. löggjafarþing 2023–2024, þingskjal 99"**

Fuglavernd vill koma á framfæri afdráttarlausum stuðningi við bann við hvalveiðum og önnur efnisatriði í framlögðu frumvarpi. Í nýlegri skýrslu, "Hvalir í vistkerfi sjávar"<sup>1</sup>, sem tekin var saman fyrir matvælaráðherra af Dr. Eddu Elísabetu Magnúsdóttur, lektor í líffræði við Háskóla Íslands, kemur mikilvægi hvala fyrir heilbrigð vistkerfi sjávar skýrt fram, og bendir Fuglavernd á að heilbrigð vistkerfi sjávar eru ekki einungis undirstaða heilbrigðra stofna þeirra lífvera sem lifa neðan sjávarmáls, **heldur einnig undirstaða heilbrigðra stofna sjófugla.**

Í skýrslunni kemur fram að stjórnun á stærð fiskistofna með hvalveiðum hefur lítinn sem engan vísindalegan rökstuðning. Ábyrg fiskveiðistjórnun þar sem notast er við vistkerfanálgun væri líklegri til árangurs. Skýrt er að hvalir hafa vistmótandi áhrif á umhverfi sitt, styrkja vistferla og stuðla að heilbrigði vistkerfa og eru íslensk hafsvæði mikilvæg fyrir stofna stórhvela og annara sjávarlífvera til vaxtar og viðhalds.

Um fjórðungur allra sjófugla við norðanvert Atlantshaf verpur á Íslandi. Íslenskir sjófuglastofnar hafa hins vegar margir átt undir högg að sækja frá því snemma á þessari öld, og er því nauðsynlegt að grípa til allra þeirra aðgerða sem hægt er til að bæta ástand sjávar og stöðu sjófugla. Bann við hvalveiðum fellur þar undir.

Með bestu kveðju f.h. stjórnar,  
Menja von Schmalensee, formaður  
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjal/Hvalir%20%c3%ad%20vistkerfi%20hafsins%20vi%c3%b0%20%c3%8dsl and%20-%20sk%c3%bdrsla%20-%20Loka.pdf>